

**Skýrsla nefndar  
um endurskipulagningu  
endurmenntunar kennara**

*Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Desember 2010*

Mennta- og menningarmálaráðuneyti : skýrslur og álitserðir  
Desember 2010

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sölvhóls götu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© 2010 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9979-777-95-3

## Efnisyfirlit

Samantekt á helstu niðurstöðum og tillögum .....	5
Inngangur .....	6
Afmörkun og skilgreining á umfjöllunarefni .....	7
Stefnumótun um símenntun .....	9
Símenntun í lögum .....	9
Símenntunarstefna KÍ .....	9
Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til 2020 .....	10
Símenntun og starfsþróun kennara .....	11
Niðurstöður TALIS- könnunarinnar um starfsþróun og símenntun grunnskólakennara .....	12
Framkvæmd símenntunar .....	17
Leikskólastig .....	17
Grunnskólastig .....	17
Framhaldsskólastig .....	18
Helstu símenntunarsjóðir kennara .....	20
Þvert á skólastig .....	20
Leikskólastig .....	20
Grunnskólastig .....	20
Framhaldsskólastig .....	21
Erlendir styrkir til símenntunar kennara .....	22
Fjármögnun símenntunar .....	24
Fjármagn í endurmenntunarsjóðum KÍ, .....	25
Önnur framlög frá ríki, sveitarfélögum og rekstraraðilum .....	26
Niðurstöður .....	27
Tillögur að næstu skrefum .....	33

## Samantekt á helstu niðurstöðum og tillögum

Í erindisbréfi menntamálaráðherra, dags. 19. mars 2009 til nefndarinnar sem hér skilar af sér var verkefni hennar skilgreint í þremur liðum:

- *Í fyrsta lagi var nefndinni falið „að fjalla um mögulega endurskipulagningu endurmenntunar kennara í ljósi nýrra laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla, laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda og væntanlegra breytinga á skipulagi kennaramenntunar.“*
- *Í öðru lagi var nefndinni falið „að huga að samfellu í skólastarfi þar sem eitt skólastig tekur við af öðru, nánari tengingu endurmenntunartilboða við almenna kennaramenntun og möguleikum kennara á að sækja endurmenntun á fagsviði.“*
- *Í þriðja lagi var óskað tillagna um heildstæða „útfærslu á endurmenntun sem nýttist kennurum á öllum skólastigum.“*

Nefndin aflaði sér margvíslegra gagna sem lúta að þessum þremur þáttum og er greint frá þeim í skýrslunni. Markmiðið með þeirri gagnasöfnun var annars vegar að átta sig á stöðunni eins og hún er og hins vegar að leggja grunn að því hvernig nefndin álitur að skipulag símenntunar geti orðið í næstu framtíð.

Nefndin ákvað í upphafi að einskorða verkefni og tillögur fyrst og fremst við þann hluta símenntunar kennara sem tengist formlegu námi, þ.e. skilgreint nám sem skipulagt er af viðurkenndum aðila, s.s. framhaldsnám, starfsrannsóknir og endurmenntunarnámskeið. Nefndin skoðaði kannanir, upplýsingar um framboð símenntunar kennara og fjármögnun.

Nefndin setur meginniðurstöður sínar fram á fjórum aðgreindum sviðum sem þó skarast víða. Þau eru:

- *Þarfagreining og stefnumótun*
- *Viðhorf og verklag*
- *Skipulag og framkvæmd*
- *Símenntun þvert á skólastig.*

Niðurstöður eru settar fram sem markmið, leiðir og tillögur um næstu skref. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, háskólarnir og kennarasamtökin gefi annars vegar út viljayfirlýsingu um samvinnu og þróun samstarfsvettvangs sem kortleggi þá símenntun kennara sem nú á sér stað og leggi línur um stefnumótun hennar til framtíðar. Hinsvegar verði gerð viljayfirlýsing um samvinnu um símenntun kennara og þróun sameiginlegrar upplýsingagjafar á vefsvæði.

Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi forystu um gerð sameiginlegs vefsvæðis í samvinnu við hlutadeigandi aðila með það í huga að auka og samræma upplýsingar um símenntunartilboð og símenntun kennara. Unnið verði að því að efla símenntun kennara þvert á skólastig og ráðuneytið ásamt háskólum landsins vinni að því að auðvelda kennurum að sækja símenntun til háskóla.

Sjá nánar í niðurstöðukafla og tillögur að næstu skrefum.

## Inngangur

Vorið 2008 samþykkti Alþingi ný lög um menntamál; lög um leikskóla (nr. 90/2008), lög um grunnskóla (nr. 91/2008), lög um framhaldsskóla (nr. 92/2008) og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (nr. 87/2008). Lögjöfin gerir ráð fyrir umtalsverðum breytingum á skólastarfi, ekki síst á starfsmenntun kennara.

Hinn 19. mars 2009 skipaði menntamálaráðherra nefnd sem ætlað var að fjalla um mögulega endurskipulagningu á endurmenntun kennara í ljósi nýrra laga og væntanlegra breytinga á skipulagi kennaramenntunar. Nefndin skyldi huga að samfellu í skólastarfi þar sem eitt skólastig tekur við af öðru, nánari tengingu endurmenntunartilboða við almenna kennaramenntun og möguleikum kennara á að sækja endurmenntun á fagsviði.

Nefndinni var ætlað að koma með tillögur að heildstæðri útfærslu á endurmenntun sem nýtist kennurum á öllum skólastigum. Nefndin var þannig skipuð:

Aðalmenn:

Björg Pétursdóttir, formaður, án tilnefningar  
Sigurjón Mýrdal, án tilnefningar  
Ingibjörg Kristleifsdóttir, tilnefnd af Félagi leikskólakennara  
Þórður Árni Hjaltsted, tilnefndur af Félagi grunnskólakennara  
Anna María Gunnarsdóttir, tilnefnd af Félagi framhaldsskólakennara  
Bragi Guðmundsson, tilnefndur af Háskólanum á Akureyri  
Sólrún Björg Kristinsdóttir, tilnefnd af Háskóla Íslands  
Ásrún Matthíasdóttir, tilnefnd af Háskólanum í Reykjavík  
Kristín Valsdóttir, tilnefnd af Listaháskóla Íslands  
Svandís Ingimundardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn:

Dagbjört Erla Ásgeirsdóttir, tilnefnd af Félagi leikskólakennara  
Ólafur Loftsson, tilnefndur af Félagi grunnskólakennara  
Ósa Knútsdóttir, tilnefnd af Félagi framhaldsskólakennara  
María Steingrimsdóttir, tilnefnd af Háskólanum á Akureyri  
Bryndís Garðarsdóttir, tilnefnd af Háskóla Íslands  
Margrét Lilja Guðmundsdóttir, tilnefnd af Háskólanum í Reykjavík  
Björg Jóna Birgisdóttir, tilnefnd af Listaháskóla Íslands  
Guðfinna Harðardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin hittist átta sinnum á árinu 2009, þ.e. 30. apríl, 12. maí, 4. júní, 20. ágúst, 4. september, 6. október, 10. nóvember og 14. desember. Einnig fór mikil vinna fram milli funda. Ragnar Ólafsson, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun, kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir niðurstöðum TALIS rannsóknarinnar og gaf í framhaldi af því nefndinni aðgang að gögnum rannsóknarinnar sem enn voru í vinnslu.

Með þessari skýrslu skilar nefndin niðurstöðum, tillögum að markmiðum og leiðum, til að vinna að heildstæðari símenntun kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

## Afmörkun og skilgreining á umfjöllunarefni

Lögin um menntun og ráðningu kennara (nr. 87/2008) gera ráð fyrir lengingu kennaranáms. Almenna reglan verður sú að kennarar á öllum skólastigum ljúki meistaranámi frá háskóla á sviði sem nýtist til kennslu á viðkomandi skólastigi. Starfsréttindi leikskólakennara eru nú í fyrsta sinn lögvernduð. Nánar er fjallað um inntak kennaramenntunar í reglugerð (nr. 872/2009).

Í tengslum við innleiðingu þessarar reglugerðar, en ekki eingöngu vegna hennar, vinna íslenskir háskólar sem veita starfsmenntun kennara (HÍ, HA, HR og LHÍ) nú að endurskipulagningu kennaramenntunar, grunnmenntun, framhaldsmenntun og símenntun.

Í marsmánuði 2006 bárust menntamálaráðherra „tillögur starfshóps um framtíðarskipan kennaramenntunar“. Þar eru m.a. tillögur um lengingu grunnmenntunar kennara og um eflingu símenntunar. Þar segir m.a.:

*Að tryggð verði stöðug símenntun og sköpuð margþætt tækifæri til framhaldsmenntunar kennara, skólastjórnenda, námsráðgjafa og annars starfsfólks skólakerfisins. Skilgreina þarf tengsl grunnmenntunar og viðbótarmenntunar kennara og í því sambandi æskilegt reynslutímabil nýrra kennara, stuðning við kennara og mismunandi ráðningarform.*

Í kjölfar nýrra laga og reglugerðar er því eðlilegt að hugað sé að hlut símenntunar í starfsmenntun kennara.

Víða um lönd fer fram mikil umræða um stöðu kennarastéttarinnar, kennaramenntun og starfsþróun kennara. Sú umræða byggir yfirleitt á þeirri skoðun að kennarastéttin sé kjölfesta í menntakerfum þjóðanna og breytingar á skipan menntamála, umbætur í námsefni og aukin fjárútlát til skólamála skipti litlu ef kennarar hafi ekki faglegar forsendur til að takast á við breytingaferli og leiða umbæturnar. Í þessari umræðu kemur skýrt fram að þótt öflug grunnmenntun kennara sé mikilvæg skiptir enn meira máli að stuðla að markvissri faglegri starfsþróun kennara og starfstengdri símenntun. Í þeirri umræðu sem fram fer víðs vegar um heim, m.a. hjá Evrópusambandinu, kemur skýrt fram að ekki þarf síður að huga að símenntun og stuðningi við kennara í starfi en öfluga grunnmenntun kennarastéttarinnar.

Í skýrslu nefndar um símenntun frá 1998 (*Símenntun, afl á nýrri öld*, bls. 49) er símenntun skilgreind á eftirfarandi hátt: „*Símenntun er heildarheiti yfir alla þá menntun sem einstaklingar sækja alla ævina og vísar í það að menntun lýkur aldrei heldur er ferli sem varir alla ævina. [...]* Þar stendur einnig að stór þáttur í símenntun er hvers konar endurmenntun í styttra eða lengra námi, margs konar viðbótarmenntun og tólmstundanám. Einstaklingar stunda símenntun, læra allt lífið, í skóla og á vinnumarkaðinum.

Nefndin ákvað í upphafi að skilgreina hugtakið símenntun nánar og afmarka þannig verksvið sitt. Símenntun og starfsþróun kennara fer fram með ýmsu móti, ekki eingöngu með formlegu námi, þ.e. skilgreint nám skipulagt af viðurkenndum aðila, s.s. framhaldsnám, starfsrannsóknir og endurmenntunarnámskeið (*formleg símenntun*). Stór hluti símenntunar á sér stað í óformlegu námi, t.d. með þátttöku í ráðstefnum, málþingum, fræðslu- og kennarafundum og leshringum (*óformleg símenntun*). Símenntun kennara fer einnig fram sem formlaust nám, t.a.m. í samtölum við samstarfsmenn, lestri fræðiritra, notkun fjölmiðla og netmiðla (*formlaus símenntun*).

Nefndin hafði nokkur meginsjónarmið til hliðsjónar við vinnu sína:

- *Fjölbreytni – að símenntunin sé fjölbreytt.*
- *Aðgengi – að aðgengi að formlegri símenntun sé óháð skólastigi , hver sem hana býður.*
- *Sértækni – að símenntun geti verið sértæk fyrir einstakar námsgreinar, skilgreind námssvið og/eða aldursstig.*
- *Þversnið – að símenntun geti gengið þvert á námsgreinar, skilgreind námssvið og/eða aldursstig.*
- *Upplýsingar – að upplýsingagjöf til kennara og skólastjórnenda um símenntun sé greið og samræmd.*
- *Fjármunir – að fjármunir til símenntunar nýtist sem best.*
- *Skráning – að fram fari skipulögð skráning á þeirri símenntun sem kennarar hafa stundað.*

Nefndin skoðaði framboð símenntunar kennara og fjármögnun hennar. Þau markmið og leiðir sem sett eru fram í þessari skýrslu varða fyrst og fremst formlega símenntun samkvæmt skilgreiningunni hér að ofan.

## Stefnumótun um símenntun

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla gerir hver skóli fyrir sig símenntunaráætlun. Stærri sveitarfélögin bjóða upp á símenntun í samræmi við skólastefnu sveitarfélags og samvinnu við skólastjórnendur. Kennarasamtökin (KÍ) hafa mótað skólastefnu þar sem fram kemur stefna um símenntun.

### Símenntun í lögum

Í 7. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla stendur m.a.:

*Að frumkvæði leikskólalastjóra skal móta áætlun um hvornig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár. Leikskólalastjórar og starfsfólk leikskóla skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynna nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.*

Í 12 gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla stendur m.a.:

*Að frumkvæði skólalastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvornig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennarar og skólalastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.*

Ekki er sérstaklega rætt um símenntun framhaldsskólakennara í lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í 11. grein er fjallað um námsorlof framhaldsskólakennara en ekki er fjallað sérstaklega um námsorlof í lögum um leik- og grunnskóla.

### Símenntunarstefna KÍ

Þegar rætt er um símenntun kennarastéttarinnar er eðlilegt að gera nokkra grein fyrir helstu áherslum þeirra aðila sem samkvæmt hlutverki sínu og starfssviði setja fram stefnumótun um þetta málefni. KÍ er einn þessara aðila og birtir á þriggja ára fresti stefnu um símenntun og er hún hluti af skólastefnu sambandsins.

Í skólastefnu KÍ hefur um alllangan tíma verið lögð áhersla á að tengja saman stefnu um kennaramenntun og símenntun. Þar er lögð áhersla á

- að kennaramenntun á Íslandi standist vel samanburð við önnur lönd,
- aukna þekkingu og færni í kennslugreinum og miðlun þeirra og
- aukna breidd í kennarafræðahluta námsins.

Þessu þurfi að mati KÍ að gera hátt undir höfði í breyttu og lengdu kennaranámi. Ný svið og nýjar kröfur til kennarastarfsins verði að endurspeglast í kennaranáminu og námsinntakinu. Unnið verði að innleiðingu gæðakerfis til að meta kennaranám og sett fram öflugt skipulag um starfsþjálfun kennaranema með sérstaka áherslu á aukna þjálfun í kennslu. Gert verði ráð fyrir skipulegri leiðsögn nýrra kennara í starfi sem taki yfir lengra tímabil en nú er.

### Símenntun og rannsóknir

Helstu áherslur í skólastefnu KÍ frá 2008 um símenntun og þátttöku í fræða- og rannsóknastarfi eru að:

- auka rétt og möguleika kennara, skólastjórnenda og námsráðgjafa á öllum skólastigum til launaðra námsorlofa

- betur verði tryggð réttindi og möguleikar til símenntunar jafnt á starfstíma skóla sem utan hans bæði í samræmi við þarfir og óskir einstaklinga og með hliðsjón af þróun skólastarfs og menntunar
- kennurum verði gert kleift að stunda framhaldsnám og eða símenntun á launum samhliða starfi
- efla möguleika og auka svigrúm kennara til þess að taka þátt í fræðastarfi og stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum
- kennarar taki þátt í stefnumótun um símenntun og eigi formlega aðild að þeim vettvangi þar sem slík stefnumótun fer fram
- komið verði á fót aðgengilegum upplýsingabanka um rannsóknir á skólastarfi á Íslandi og þær nýttar til að efla og bæta skólastarf.

KÍ hefur frá 2008 m.a. unnið að því að koma á föstu samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um kennaramenntun og málefni kennarastarfsins. Ennfremur hefur KÍ leitast við að koma á framfæri við þá aðila sem fara með símenntunarmál sjónarmiðum um nauðsyn góðs framboðs á námskeiðum jafnt í kennslugreinum kennara sem og í kennarafræðum. Þá hefur verið bent á mikilvægi þess að kennarar og samtök þeirra taki formlegan þátt í stefnumótun. KÍ bendir ennfremur á góða reynslu af vinnu faggreinafélaga kennara í samráði við aðila sem fara með opinbert fjármagn við að taka stefnumarkandi ákvarðanir um símenntunarnámskeið.

## Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til 2020

Árið 2007 unnu fulltrúar Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga að sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til 2020. Eitt af þrettán stefnumiðum hennar er að „*tryggja aðgengi og gæði grunn- og framhaldsnáms og símenntunar starfsfólks*“. Mörg þeirra atriða sem hér að ofan eru talin er því að finna í framtíðarsýninni en jafnframt eru þar tillögur að útfærslu. Aðgerðir til þess að ná ofangreindu stefnumiði felast m.a. í því að tryggja námsframboð til samræmis við símenntunarþörf; útbúa gæðastaðal fyrir handleiðslu nýútskrifaðra kennara; að gefa fleirum kost á að fara í námsleyfi á launum og setja reglur og fylgja því eftir hvernig ný þekking úr námsleyfi skilar sér inn í skólastarfið; koma á „endurmenntunarbók“ sem fylgir hverjum starfsmanni og að hver starfsmaður vinni símenntunaráætlun í samstarfi við skólastjóra svo dæmi séu tekin. Sérstakur verkefnisstjóri hefur það á sinni könnu m.a. að aðstoða sveitarfélög við innleiðingu framtíðarsýnarinnar í samhengi við ný skólalög. Frekari upplýsingar um þetta samstarf eru aðgengilegar á vefslóðinni:

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/stefnumotun/framtidarsyn-fyrir-skolastarf/>

## Símenntun og starfsþróun kennara

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi á símenntun og símenntunarþörf kennara og engar sem skoða öll skólastigin samhliða.

Árið 2009 var unnin alþjóðleg samanburðarrannsókn á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í samvinnu við 24 lönd. Þetta voru Ástralía, Austurríki, Belgía (flæmska), Danmörk, Ungverjaland, Ísland, Írland, Ítalía, Kórea, Mexíkó, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Spánn, Slóvakía, Tyrkland, Brasilía, Búlgaría, Eistland, Litháen, Malta, Malaísía og Slóvenía. Rannsóknin gengur undir nafninu TALIS (Teaching and Learning International Study) [http://www.namsmat.is/vefur/eydublod/talis/1talis\\_island.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/eydublod/talis/1talis_island.pdf). Hún beinir sjónum að kennurum og skólastjórnendum á unglíngastigi (ISCED-2) en á Íslandi var ákveðið að hún myndi einnig ná til kennara á yngsta- og miðstigi (ISCED-1). Megináherslur rannsóknarinnar voru:

- *Mat á störfum kennara og þeirri endurgjöf er þeir fá.*
- *Starfsþróun kennara.*
- *Viðhorf og skoðanir kennara til eigin kennslu.*
- *Hlutverk og starfshættir skólastjórna.*

TALIS rannsóknin er fyrsta alþjóðlega rannsóknin hér á landi sem fjallar um símenntun kennara. Þar sem hún tók einungis til grunnskólastigsins ber að varast að yfirfæra niðurstöður hennar á hin skólastigin, þ.e. leik- og framhaldsskólastigið. Rannsóknin sýnir hinsvegar að full þörf er á að kortleggja starfsþróun og símenntun kennara á þeim skólastigum. Í niðurstöðum könnunarinnar kemur ýmislegt fram um störf og starfsþróun íslenskra grunnskólakennara. Einnig fæst þar mikilvægur samanburður við önnur lönd um atriði sem varða menntun og starfsaðstæður íslenskra grunnskólakennara.

Símenntun leik- og framhaldsskólakennara hefur ekki verið skoðuð á sambærilegan hátt og grunnskólakennara. Þó gæti tvennt varpað einhverju ljósi á þau skólastig.

Launanevnd sveitarfélaga og Félag leikskólakennara gerðu sameiginlega könnun á framkvæmd símenntunar leikskólakennara í október 2008. Könnunin var send út til 262 leikskóla og bárust 222 svör. Í 60 % leikskóla er gerð skrifleg símenntunaráætlun sem stenst í 65,3 % tilfella. 60% svara því til að alltaf eða oftast sé nægjanlegt svigrúm til endur- og símenntunar starfsfólks. Ástæða þess að ekki er nægjanlegt svigrúm til endur- og símenntunar starfsfólks er að ekki er gert ráð fyrir nægjanlegri afleysingu vegna símenntunar (17%) eða vegna tilfallandi manneklu (4,5%). Könnun náði aðeins til ofangreindra þátta varðandi endur- og símenntun en fjallaði ekki um framboð eða þátttöku leikskólakennara.

Árið 2006 gerði Félag framhaldsskólakennara þjónustu- og viðhorfakönnun meðal félagsmanna sinna sem fjallaði m.a. um endurmenntun. Í febrúar 2010 gerði Samstarfsnevnd um endurmenntun framhaldsskólakennara samsvarandi könnun. Báðar kannanirnar gefa góðar vísbendingar um viðhorf og skoðanir kennara á símenntun og símenntunarnámskeiðum. Könnunin 2006 var úrtakskönnun og náði til um 10% félagsmanna og var svarhlutfall 55%. Í niðurstöðum kom í ljós að 38% félagsmanna voru ánægðir eða mjög ánægðir með framboð endurmenntunarnámskeiða í sinni grein. Þegar spurt var um hvernig endurmenntunarnámskeið kennarar teldu að gagnaðist þeim best kom í ljós að flestir vildu sækja stutt námskeið í 1-5 daga annað hvort fyrir utan eða á starfstíma skóla. Í könnuninni var líka spurt um hvers konar endurmenntunarnámskeið framhaldsskólakennarar myndu helst sækja á næstunni og þá kom í ljós að tæp 50% vilja helst sækja fagbundin námskeið og 20% vilja sækja kennslufræðileg námskeið í sinni grein. Miklu færri hafa áhuga á

Þverfaglegum námskeiðum, kennslufræðilegum eða í upplýsingatækni. Að lokum voru kennarar spurðir hvort þeir hefðu breytt kennsluáferðum sínum í kjölfar endurmenntunarnámskeiða og þá kom í ljós að 77% telja sig hafa breytt kennslu sinni frekar mikið eða aðeins en fáir töldu sig hafa breytt henni mjög mikið eða ekki neitt. Í lok könnunarinnar gafst tækifæri til að koma með almennar athugasemdir. Atriði sem þar voru nefnd voru að gott væri að hafa fleiri námskeið utan starfstíma skóla, kostnaður vegna endurmenntunar væri of mikill og að aðgengi kennara sem kenndu út á landi væri ekki gott. (<http://www.ff.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1616>)

## Niðurstöður TALIS- könnunarinnar um starfsþróun og símenntun grunnskólakennara

Hér á eftir verða raktar helstu niðurstöður TALIS könnunarinnar sem snerta starfsþróun og símenntun grunnskólakennara.

Í stefnumörkunarvinnu Evrópusambandsins í menntamálum er mikil áhersla lögð á starfsaðstæður og menntun kennarastéttarinnar. Punginn í þeirri vinnu liggur á símenntun og starfsþróun kennara, bæði kennara í upphafi starfsferils og einnig stuðningi við reynda kennara sem eru burðarás í skólaþróun. Evrópusambandið hefur fengið sérfræðinga og háskólastofnanir til að fylgjast með TALIS rannsókn OECD og skýrsla frá Háskólanum í Twente í Hollandi var birt um leið og fyrstu niðurstöður TALIS [http://ec.europa.eu/education/school-education/doc1962\\_en.htm](http://ec.europa.eu/education/school-education/doc1962_en.htm)

Í þeirri skýrslu er m.a. bent á að nær 90% kennara í þátttökulöndunum segjast hafa tekið þátt í skipulagðri starfsþróun undangengna 18 mánuði. Einnig að meirihluti kennaranna óskar eftir meiri starfsþróun. Lögð er áhersla á að áhrif starfsþróunar á störf kennara eru ekki einhlít og tengjast augljóslega viðhorfum þeirra til framboðs viðfangsefna og forms símenntunar. Áhugi kennarans á að afla sér nýrrar þekkingar og færni er forsenda raunverulegrar starfsþróunar. Því þarf að hlusta vel eftir röddum kennaranna sjálfra í þessu efni. Einnig þarf að leggja áherslu á skólabrag sem styður starfsþróun og styrkja endurgjöf til kennara vegna þróunar starfshátta.

Hér eru dregnar fram þær niðurstöður sem fyrst og fremst varða starfsþróun og símenntun kennara, þ.e. 3. kafli skýrslunnar. Nokkrar töflur eru notaðar úr skýrslunni með leyfi Námsmatsstofnunar en að öðru leyti er lesendum bent á skýrsluna sjálfa Sjá [http://www.namsmat.is/vefur/eydublod/talis/1talis\\_island.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/eydublod/talis/1talis_island.pdf).

Í skýrslunni kemur fram að kröfur um menntun kennara voru minni hér á landi þegar rannsóknin var gerð en víðast hvar í þátttökulöndum TALIS en með nýjum lögum er meistaragráða núna orðin krafa til kennsluréttinda á öllum skólastigum. Færri eru með meistaragráðu eða meiri menntun og fleiri eru með menntun lægri en háskólagráðu eða jafnvel enga formlega kennaramenntun.

Fram kemur að talsvert brottfall er einnig áberandi úr kennarastéttinni hér á landi eftir fyrsta ár í kennslu. Mun meira en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Aðeins um 40% íslenskra grunnskólakennara telja að borin sé virðing fyrir starfi kennara í sveitarfélaginu sem þeir starfa í. Tiltrú kennara á eigin getu er hins vegar með besta móti á Íslandi í samanburði við önnur þátttökulönd TALIS. Jafnframt er starfsánægja góð hér á landi.

Athygli vekur að samkvæmt TALIS skýrslunni segjast um 20% íslenskra grunnskólakennara ekki hafa stundað neina starfsþróun undanfarna 18 mánuði

(sjá töflu 1). Sérstaklega er þetta athugunarvert þar sem íslenskir grunnskólakennarar eiga samkvæmt kjarasamningum að skila hluta starfsskyldu sinnar (102-150 klst.) í símenntun og aukinn undirbúning utan vinnutíma.

Í töflu 1 sést einnig að rúmlega 70% grunnskólakennara sögðust hafa tekið þátt í starfsþróunarverkefnum í 10 daga eða skemur á 18 mánaða tímabili áður en rannsóknin var lögð fyrir. Annars staðar í könnuninni kemur fram að tæplega ¾ hlutar kennara fengu ekki greidda yfirvinnu vegna starfsþróunarverkefna sem þeir tóku þátt í utan hefðbundins vinnutíma.<sup>1</sup>

Tafla 1

Hlutfall kennara sem varið hefur ákveðnum fjölda daga í starfsþróunarverkefni undanfarna 18 mánuði.

Skólastig	0 dagar	1-5	6-10	11-15	16-20	21-25	26-30	Fleiri en 30 dagar.
Unglingastig	22,4 %	24,3%	24,2 %	9,3 %	7,6 %	1,9 %	4,4 %	5,9 %
Yngsta- og miðstigi	17,3%	23,1 %	16,1 %	11,7 %	8,5 %	1,9 %	5,5 %	5,9 %

Í könnuninni kom fram að einungis 4,5% grunnskólakennara á unglingastigi þurftu sjálfir að greiða að fullu fyrir þátttöku sína í starfsþróunarverkefnum en rúmur fjórðungur (28,1%) borgaði þátttökugjöld sín að hluta. Tveir þriðju hlutar (67,4%) greiddu ekkert. Kennarar á yngsta- og miðstigi þurftu sjaldnar að borga en kennarar á unglingastigi, þótt ekki væri munurinn mikill. Á yngsta- og miðstigi borguðu 73% ekkert og aðeins 3,2% borguðu allt.

Annar þáttur sem er mjög mikilvægur við mat á starfsþróunarmöguleikum kennara er sá tími sem kennarinn hefur til umráða. Í könnuninni kemur fram að af þeim sem tóku þátt í starfsþróunarverkefni var 57,2% úthlutað tíma til þess innan síns fasta vinnutíma en 24,6% ekki. Um 18% tóku svo þátt í verkefnum sem ekki áttu sér stað á hefðbundnum vinnutíma. Á yngsta- og miðstigi virðist starfsþróun fara fram á föstum vinnutíma í meira mæli en á unglingastigi eða í 67,4% tilvika.

Í könnuninni var athugað í hvers konar starfsþróunarverkefnum kennarar taka þátt (sjá töflu 2). Þar kom í ljós að langflestir segjast hafa tekið þátt í *samstarfi kennara* eða *námskeiði/vinnustofu* en aðeins um fimmtungur hefur tekið þátt í *rannsóknarverkefni* eða bætt við sig *réttindanám* en vert er að geta þess að annars staðar í TALIS-skýrslunni kemur einmitt fram að svarendur telja réttindanám hafa haft mest bætandi áhrif á kennsluhæfni sína.

<sup>1</sup> Árleg vinnuskylda grunnskólakennara er 1.800 klst. Af þeim eru 102-150 klst. ætlaðar til símenntunar utan hefðbundins vinnutíma. Að þeim uppfylltum á kennari rétt á yfirvinnugreiðslum.

Tafla 2

Hlutfall kennara sem tók þátt í tiltekinni tegund starfsþróunarverkefna á unglingastigi, yngsta- og miðstigi og í þátttökulöndum TALIS að meðaltali.

Tegund starfsþróunarverkefnis	Hlutfall kennara sem tók þátt í slíku verkefni	Áhrif á kennsluhæfni (meðaltal)	Staðal-frávik	Yngsta- og miðstig			Meðaltal TALIS
				Hlutfall	Áhrif	Staðal-frávik	
Námskeið/vinnustofa	72,1	3,03	0,66	76,7	3,14	0,58	81,2
Menntaráðstefnur eða málstofur	52,6	2,82	0,71	57,4	2,91	0,65	48,9
Réttindanáms	19,2	3,52	0,66	13,6	3,54	0,64	24,5
Vettvangsferðir í aðra skóla	60,7	2,97	0,70	63,5	3,14	0,62	27,6
Þátttaka í samstarfi kennara (innan skóla eða utan)	82,9	3,2	0,65	86,3	3,42	0,60	40,0
Rannsóknaverkefni um efni á faglegu áhugasviði þínu (ein(n) eða í samvinnu)	18,2	3,43	0,64	15,9	3,48	0,64	35,4
Veitti leiðsögn og/eða fylgdist með og þjálfaði starfsfélaga sem hluta af formlegu skólasterfi	33,8	2,94	0,67	33,0	3,04	0,61	34,9

Ath.: 1=engin áhrif; 2= lítil áhrif; 3= nokkur áhrif; 4=mikil áhrif

Á yngsta stigi og miðstigi hafa fleiri kennarar tekið þátt í námskeiðum/vinnustofum, menntaráðstefnum eða málstofum og samstarfi kennara innan skóla eða utan. Á hinn bóginn hafa kennarar á unglingastigi frekar tekið þátt í réttindanámi eða rannsóknaverkefni á faglegu áhugasviði þeirra.

Jafnframt kom fram í könnuninni að yngri grunnskólakennarar segjast frekar hafa tekið þátt í starfsþróunarverkefnum á undangengnum 18 mánuðum en þeir sem eldri eru. Yngsti aldurshópurinn hafði tekið þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum en eldri kennarar. Hann skar sig marktækt frá flestum öðrum aldurshópum varðandi námskeið/vinnustofur, menntaráðstefnur, vettvangsferðir í aðra skóla, þátttöku í samstarfi kennara, rannsóknaverkefni og veitingu leiðsagnar og þjálfun starfsfélaga. Styttri starfsaldur tengist þátttöku í fleiri starfsþróunarverkefnum á svipaðan hátt og aldur. Hið sama gildir um kennara á yngsta- og miðstigi.

Lestur fræðirita og óformleg skoðanaskipti um hvernig megi bæta kennsluna eru nokkuð algengari hér á landi en í öðrum TALIS löndum (sjá töflu 3).

Tafla 3

Hlutfall kennara sem tók þátt í óformlegri starfsþróun á unglingastigi, yngsta- og miðstigi og í þátttökulöndum TALIS.

	Unglingastig	Yngsta- og miðstig	TALIS:
Lestur fræðirita	83,1%	81,1	77,7%
Óformleg skoðanaskipti við samkennara um hvernig bæta megi kennslu	95,1%	96,1	92,6%

Í könnuninni kemur fram að mat/endurgjöf hefur lítil áhrif á launakjör kennara en meiri áhrif á tækifæri til starfsþróunar eða þátttöku í skólaþróunarverkefnum. Matið breytir tiltölulega litlu um starfshætti kennarans. Mest eru áhrifin á áætlanir um að bæta kennsluna. Rúmlega 80% kennara finnst matið eða endurgjöfin sem þeir fá sanngjörn og rúm 70% telja að matið hafi komið að gagni við starfsþróun þeirra sem kennara.

Tafla 4 sýnir að flestir telja sig hafa frekar mikla eða mjög mikla þörf fyrir frekari starfsþróun varðandi kennslu nemenda með sértækar námsþarfir, því næst námsmatsaðferðir og aga- og hegðunarvandamál. Áhugavert er að sjá að á öllum sviðum nema einu (*skólarekstri og stjórnun*) telur rétt tæpur helmingur kennara sig hafa frekar mikla eða mjög mikla þörf fyrir frekari starfsþróun.

Tafla 4

Hlutfall þátttakenda sem telur sig hafa frekar mikla eða mjög mikla þörf fyrir frekari starfsþróun á tilteknum sviðum.

Svið frekari starfsþróunar	Hlutfall sem tilgreinir frekar mikla eða mjög mikla þörf	
	Unglinga- stig	Yngsta- og miðstig
Staðlar eða viðmið varðandi innihald og frammistöðu í aðalkennslugrein	54,9%	53,6%
Námsmatsaðferðir	65,2%	74,7%
Bekkjarstjórnun	45,0%	50,0%
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein	45,4%	44,1%
Þekking og skilningur á kennslufræði (miðlun þekkingar) í aðalkennslugrein	47,4%	48,0%
Færni í upplýsingatækni við kennslu	58,6%	68,2%
Kennsla nemenda með sértækar námsþarfir	75,6%	82,9%
Aga- og hegðunarvandamál nemenda	59,0%	67,8%
Rekstur skóla og stjórnun	22,4%	22,4%
Kennsla í fjölmenningsumhverfi	55,1%	61,6%
Nemendaráðgjöf	52,1%	55,8%

Kennarar á yngsta stigi og miðstigi telja sig á flestum sviðum hafa meiri þörf fyrir frekari starfsþróun í samanburði við kennara á unglingastigi. Konur telja sig í flestum tilfellum hafa þörf fyrir frekari þjálfun í fleiri atriðum en karlar. Aftur á móti er ekki munur á kynjunum varðandi mat þeirra á *þekkingu og skilningi á aðalkennslugrein* eða *þekkingu og skilningi í kennslufræði* í aðalkennslugrein. Það er áhugavert að einungis varðandi þörfina á frekari starfsþróun um *rekstur skóla og stjórnun* telja karlar sig hafa meiri þörf en konur.

Rúmur þriðjungur (37,4%) þátttakenda á unglingastigi sagðist hafa löngun til þess að taka þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum en þeir höfðu gert á undargengnum 18 mánuðum en 62,6% svaraði neitandi. Á yngsta stigi og miðstigi langar 40,6% kennara að taka þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum. Fleiri konur (40%) á unglingastigi hefðu viljað taka þátt í frekari starfsþróunarverkefnum en karlar (31,5%).

Áhugi grunnskólakennara hér á landi fyrir starfsþróun til viðbótar þeirri sem þeir segjast hafa fengið á 18 mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknarinnar er með minnsta móti í samanburði við önnur þátttökuríki og helst ekki í hendur við yfirlýsta þörf þeirra fyrir starfsþróun. Aðeins í Slóveníu og Belgíu var hlutfall þeirra sem vildu meiri starfsþróun lægra.

Í töflu 5 er reynt að grafast fyrir um hver sé ástæðan en sá hópur þátttakenda, sem svaraði játandi spurningu um hvort þeir hefðu viljað taka þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum en þeir gerðu, var beðinn um að tilgreina ástæður þess að ekkert varð úr þeirri starfsþróun sem hugur þeirra stóð til.

Tafla 5

Hvað kom í veg fyrir að viðkomandi tæki þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum. Hlutfall þátt-takenda sem nefna tiltekna ástæðu.

Ástæður	Unglinga- stig	Yngsta- og miðstig	TALIS
Ég stóðst ekki forkröfurnar (t.d. hæfniskröfur, reynsla, starfsaldur)	1,7%	1,8%	7,1%
Þjálfunin var of dýr/ég hafði ekki efni á henni	19,1%	23,9%	28,4%
Fékk ekki stuðning frá vinnuveitanda mínum	6,7%	6,5%	15,0%
Þjálfunin rakst á vinnutíma minn	42,4%	43,3%	46,7%
Ég hafði ekki tíma vegna þess að ég þurfti að sinna fjölskyldu	36%	37,3%	30,1%
Engin þjálfun í boði sem hentaði mér	47,2%	38,4%	42,3%
Annað	15%	15,6%	

Tæpur helmingur kennara á unglingsstigi nefnir sem ástæðu að engin þjálfun sem hentaði hafi verið í boði. Einnig er algengt að þjálfunin sem hugur stóð til hafi rekist á vinnutíma. Um fimmtungur hafði ekki efni á þjálfuninni. Fáir (en þó tæp 7%) kvarta yfir skorti á stuðningi frá vinnuveitanda. Fjölskyldukvaðir hefta rúman þriðjung.

Ástæður kennara á yngsta- og miðstigi fyrir því að þeir gátu ekki tekið þátt í verkefnum af þessu tagi eru þær að þeir höfðu sjaldnar efni á því en þeir kvarta minna undan því að engin þjálfun hafi hentað þeim.

## Framkvæmd símenntunar

Ýmsir aðilar koma að framkvæmd símenntunar og fjármögnun. Símenntun kennara er afar þýðingarmikill þáttur í starfi kennara. Réttindi og skyldur kennara varðandi sí- og endurmenntun eru bundin í kjarasamningum. Ábyrgð á símenntun kennarastéttarinnar liggur hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélögum, KÍ, skólunum, aðilum í atvinnulífi, fagfélögum kennara og skólastjórnendum en fyrst og fremst liggur ábyrgð á símenntun hjá einstaklingnum sjálfum. Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla á hver skóli fyrir sig að gera símenntunaráætlun. Stærri sveitarfélögin bjóða upp á símenntun í samræmi við skólastefnu sveitarfélags og í samvinnu við skólastjórnendur. Kennarasamtökin (KÍ) hafa mótað skólastefnu þar sem fram kemur stefna um símenntun.

### Leikskólastig

Samkvæmt lögum um leikskóla og kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanevndar sveitarfélaga skal vinna endur- og símenntunaráætlun í sérhverjum leikskóla sem staðfest skal af sveitastjórn eða leikskólanefnd. Leikskólastjóri ber ábyrgð á gerð símenntunaráætlunar. Sveitarfélagi ber samkvæmt kjarasamningi að gera leikskólakennurum kleift að taka þátt í símenntunaráætlun.

Leikskólakennarar sækja endur- og símenntun til ýmissa aðila. Mörg sveitarfélög og /eða leikskólar skipuleggja símenntunartilboð. Þar fyrir utan sækja margir símenntun til háskólanna og ýmissa félagasamtaka og aðila sem standa að námskeiða- og ráðstefnuhaldi. Leikskólakennarar geta sótt um styrki í Vísindasjóð Félags leikskólakennara til að standa straum að kostnaði við símenntun sem ekki fellur undir skilgreinda símenntunaráætlun leikskóla.

Í bókun með kjarasamningi frá 1. október 2006 segir að við ákvörðun vinnutímaskipulags skuli tryggja gott svigrúm til endur- og símenntunar og nauðsynlegrar handleiðslu. Samkvæmt kjarasamningi er enginn ákveðinn tími innan vinnutíma leikskólakennara ætlaður til endur- og símenntunar. Tækifæri til þátttöku í endur og símenntun er því algjörlega háð samkomulagi milli leikskólakennara og yfirmanna og því fjármagni sem skólinn hefur til umræða hverju sinni til símenntunar/fræðslu og forfallakennslu/afleysinga vegna þess. Viðverutími kennara með börnum í leikskólum er langur og veltur aðstaða kennarans til endur- og símenntunar innan dagvinnumarka mikið á því hvort nægur mannskapur er fyrir hendi til að manna forföll sem af því skapast.

### Grunnskólastig

Frá árinu 1988 starfaði Endurmenntunardeild KHÍ skv. lögum sem sett voru um kennaraháskólann það ár. Annaðist skólinn endurmenntun með skipulegri fræðslu og stuðningi við þróunar- og nýbreytnistörf og fékk til þess árlega fjárveitingu er fór til að greiða kennslukostnað á námskeiðum og laun starfsfólks við deildina. Eftirspurn eftir námskeiðum var jafnan meiri en unnt var að sinna og þurfti til dæmis árið 1989 að synja 120 kennurum af 800 umsækjendum um þátttöku á námskeiðum. Í nýjum lögum um KHÍ frá 1995 var ábyrgð KHÍ á endurmenntun grunnskólakennara ekki lengur til staðar en deildin sinnti þó áfram þessu hlutverki.

Nýr kennaraháskóli tók til starfa í janúar 1998 þegar þrjár skólastofnanir voru sameinaðar í KHÍ. Höfðu þær breytingar í för með sér margháttað áhrif, ekki síst á sviði sí- og endurmenntunar, þó svo þess sæi ekki stað í lögnum að KHÍ hefði sí- og endurmenntun viðkomandi starfsstétta með höndum.

Árið 1999 tók Símenntunarstofnun KHÍ til starfa og yfirtók verkefni Endurmenntunardeildar. Sama ár var Endurmenntunarsjóður grunnskóla stofnaður og tilgangur þeirrar skipulagsbreytingar var m.a. sá að opna öðrum en KHÍ leið að endurmenntunarfé ríkisins fyrir grunnskólakennara. Þess ber að geta að við yfirfærslu reksturs grunnskólans til sveitarfélaga árið 1996 urðu tveir stórir þættir eftir hjá ríkinu, annars vegar endurmenntun kennara og hins vegar námsgagnaútgáfa. Árið 2001 hætti ríkið að leggja Símenntunarstofnun til fjármagn. Í kjarasamningum kennara frá janúar 2001 var gerð sú breyting að umbunarþáttur vegna þátttöku í námskeiðum var tekinn út úr samningum og starfstími skóla var lengdur úr 170 í 180 daga en á móti komu verulegar launahækkanir. Þá var jafnframt hætt að halda miðlægt utan um þátttöku kennara í sí- og endurmenntun (Kennaraskráin). Ákvæði kjarasamnings um sí- og endurmenntun standa óbreytt frá 2001.

Með kjarasamningi aðila frá 2001 fengu skólastjórnendur aukna ábyrgð vegna ráðstöfunar á sí- og endurmenntunarluta kennarastarfsins og skyldu kennarar skilgreina þarfir sína fyrir endurmenntun og kynna skólastjóra.

### **Símenntun samkvæmt skilgreiningu handbókar með kjarasamningi:**

*„Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar-/endurmenntunaráætlun. Tími til sí- og endurmenntunar markast af samningsbundnum 150/126/102 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára. Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.*

*Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eda þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Endurmenntun, sem hluti af 150/126/102 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara. Endurmenntunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt endurmenntunaráætlun skóla, enda sé hún gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.“*

Skólaskrifstofur, skólar og/eda aðrir sem standa fyrir námskeiðahaldi geta sótt um styrki til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla. Kennarar geta, eftir sem áður, sótt styrki í Vonarsjóð vegna námskeiða sem ekki fellur undir sameiginlegt námskeiðahald sveitarfélags/skólaskrifstofu eða skóla.

### **Framhaldsskólastig**

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara hefur starfað frá 1987. Hana skipa fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins (formaður), Félags framhaldsskólakennara (2), Háskóla Íslands og Félags íslenskra framhaldsskóla. Aðalhlutverk nefndarinnar er að ráðstafa fjárframlagi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til endurmenntunar framhaldsskólakennara. Frá upphafi hefur Endurmenntun Háskóla Íslands séð um rekstur og framkvæmd. Nefndin hefur umsjón með símenntunarnámskeiðum í samvinnu við fagfélög framhaldsskólakennara. Þessi símenntunartilboð fara að miklu leyti fram í gegnum fagkennarafélögin sem ákveða hvert fyrir sig hvað er í boði fyrir viðkomandi faggrein. Að auki skipuleggur sjálf nefndin námskeið, bæði stutt sumarnámskeið, vettvangsnám með vinnu og tvisvar hefur hún boðið upp á áfanga á mastersstigi til eininga fyrir starfandi kennara. Þessi námstilboð eru ýmist kennslufræðileg og/eda fagtengd. Nefndin styrkir einnig fagfélög til ráðstefnuhalds, skóla til að halda fyrirlestra og námskeið fyrir kennara auk þess

að styrkja einstaklinga til að sækja önnur námskeið tengd sinni kennslugrein innanlands sem utan.

Framkvæmd símenntunar er í höndum fleiri aðila. Kennarar geta tekið einstaka áfanga eða skráð sig á námsbrautir háskólanna. Enn fremur er mikið um fagbundið nám í gegnum fræðsluaðila sem tengjast atvinnulífinu og listalífinu auk þess sem boðið er upp á námskeið á vegum einkaaðila.

## Helstu símenntunarsjóðir kennara

Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu sjóðum sem styðja símenntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Auk þessara sjóða hafa kennarar hugsanlega möguleika á að leita í sjóði sem tengjast sérmenntun þeirra.

### Þvert á skólastig

#### Sprotasjóður

Markmið sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við reglugerð nr. 242/2009. Árlega eru settar fram sérstakar áherslur við styrkveitingu. Sjóðurinn kemur í stað þróunarsjóða leik-, grunn- og framhaldsskóla. Framlög til sjóðsins eru ákvörðuð á fjárlögum. Árið 2009 voru tæpar 50 milljónir króna til úthlutunar úr sjóðnum og til umsýslu hans. Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.rha.is](http://www.rha.is).

### Leikskólastig

#### Vísindasjóður Félags leikskólakennara

Markmið sjóðsins er að tryggja fjárhagslegan grundvöll sí- og endurmenntunar leikskólakennara í tengslum við störf þeirra. Sveitarfélögin greiða mánaðarlega upphæð sem nemur 1,72% af dagvinnulaunum kennara og stjórnenda í leikskólum. Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn í Félagi leikskólakennara sem taka laun eftir kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og FL og sem greitt er fyrir í sjóðinn. Kennarasamband Íslands sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.ki.is](http://www.ki.is).

Hægt er að sækja um styrki til að sækja námskeið og ráðstefnur, styrki til hópferða leikskólakennara, styrki til framhaldsnáms, styrki til þróunar- og rannsóknastarfa og námsefnisgerðar, styrki til að halda námskeið og ráðstefnur fyrir félagsmenn.

### Grunnskólastig

#### Verkefna- og námsstyrkjasjóður Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands (Vonarsjóður)

Markmið sjóðsins er að styðja við sí- og endurmenntun kennara, námsráðgjafa og stjórnenda grunnskóla. Sveitarfélögin greiða mánaðarlega upphæð sem nemur 1,72% af dagvinnulaunum kennara og stjórnenda í grunnskólum. Aðild að sjóðnum eiga kennarar, ráðgjafar og stjórnendur í grunnskólum, sem eru félagsmenn í FG eða SÍ. Kennarasamband Íslands sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.ki.is](http://www.ki.is).

Hægt er að sækja um styrki til að sækja námskeið, ráðstefnur og fara í kynnisferðir, styrki vegna framhaldsnáms, hópstyrki vegna náms- og kynnisferða skóla eða stofnana, styrki til aðildar-, svæða- og sérfélaga t.d. vegna faglegra fyrirlestra á haustþingum félaganna, styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna, námslaun í allt að 12 mánuði, ferðastyrki í tengslum við námslaun.

#### Endurmenntunarsjóður grunnskóla

Markmið sjóðsins er að veita fé til endurmenntunar kennara, námsráðgjafa og stjórnenda grunnskólans. Framlög í sjóðinn eru ákveðin í fjárlögum. Þeir sem hyggjast standa fyrir sí- eða endurmenntun kennara, námsráðgjafa eða stjórnenda grunnskólans geta sótt um framlög úr sjóðnum, t.d. skólaskrifstofur, sveitarfélög, skólar, kennaramenntunarstofnanir, félög og fyrirtæki. Samband íslenskra sveitarfélaga tók við umsýslu sjóðsins með nýjum lögum um

grunnskóla nr. 91/2008 en við þá breytingu færðist ábyrgð á endurmenntun grunnskólakennara að öllu leyti til sveitarfélaga. Sjá [www.samband.is](http://www.samband.is).

### **Námsleyfasjóður**

Markmið sjóðsins er að tryggja fjárhagslega afkomu kennara, námsráðgjafa og stjórnenda grunnskóla í námsleyfi. Framlag atvinnurekanda nemur 1,3% af dagvinnulaunum félagsmanna. Aðild að sjóðnum eiga kennarar, ráðgjafar og stjórnendur í grunnskólum, sem eru félagsmenn í FG eða SÍ. Hægt er að sækja um námslaun í 3, 6 eða 12 mánuði. Samband íslenskra sveitarfélaga sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.samband.is](http://www.samband.is).

## **Framhaldsskólastig**

### **Ráðgjafanefnd um námsorlof framhaldsskólakennara**

Kennarar, skólameistarar og aðrir stjórnendur framhaldsskóla sem starfað hafa í a.m.k. fimm ár við kennslu- eða stjórnunarstörf í framhaldsskóla geta sótt um sérstakt námsorlof til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Námsorlof getur annars vegar falist í fullu leyfi frá störfum í allt að eitt ár eða lækkun á vinnuskyldu innan þeirra marka og hins vegar í greiðslu fastra launa í allt að eitt ár eða greiðslu hlutfalls fastra launa sem svarar til lækkunar vinnuskyldu, ef um slíkt er að ræða.

Þriggja manna ráðgjafanefnd, formaður frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og tveir fulltrúar KÍ, veitir mennta- og menningarmálaráðherra umsögn um umsóknir og gerir rökstuddar tillögur um úthlutun námsorlofs og styrkja. Framlög vegna launaðra orlofa framhaldsskólakennara eru á fjárlögum og námu 32 stöðugildum árið 2009.

### **Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara, SEF**

Nefndina skipa fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, tveir fulltrúar Félags framhaldsskólakennara, einn fulltrúi Háskóla Íslands og einn fulltrúi Félags íslenskra framhaldsskóla (skólameistarar í framhaldsskólum). Sérstakur starfsmaður nefndarinnar sinnir málum hennar ásamt öðrum starfsmönnum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Einn framhaldsskólakennari er faglegur starfsmaður nefndarinnar. Alþingi og mennta- og menningarmálaráðuneytið veita árlega til endurmenntunar framhaldsskólakennara.

SEF skipuleggur og heldur styttri og lengri símenntunarnámskeið fyrir framhaldsskólakennara, s.s. nám samhliða kennslu (vettvangsnám) sem fer fram á starfstíma skóla og nær yfir heilt skólaár. SEF úthlutar einnig styrkjum til fagfélaga, skóla og einstaklinga.

Fagfélög geta sótt um styrk til að halda greinabundin sumarnámskeið, til greiðslu fyrirlestra á fundi eða ráðstefnu á vegum félagsins og til að senda að hámarki árlega einn fulltrúa á ráðstefnu er tengist starfsemi félagsins. Einstaklingar, starfandi framhaldsskólakennarar, geta sótt um styrk til að sækja námskeið önnur en hin skipulögðu sumarnámskeið fagfélaganna. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að námskeiðið sé annaðhvort á sviði kennslugreinar viðkomandi eða kennslufræðilegs eðlis. Skólar, kennarafélög og fagfélög eiga þess kost að sækja um styrki til fyrirlestrarhalds á fundum eða ráðstefnum á sínum vegum. Um er að ræða greiðslu fyrir eins til tveggja tíma fyrirlesturs, auk ferðakostnaðar að hluta eða að öllu leyti, ef við á. Skólar geta einnig sótt um styrki til að halda námskeið fyrir kennara skólans.

### **Vísindasjóður Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum**

Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa. Úr sjóðnum er úthlutað til

félagsmanna, einstaklinga eða hópa. Sjóðurinn greiðir m.a. styrki til rannsókn- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða sem félögin standa fyrir, aukabóknun fyrir óvenju umfangsmikil verkefni og laun á námsleyfistíma. Ríkissjóður greiðir mánaðarlega framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af föstum dagvinnulaunum. Starfsmaður sem fer í námsleyfi skv. reglum sjóðsins heldur ráðningu og ráðningartengdum réttindum. Í stjórn Vísindasjóðs eru þrír fulltrúar, tveir frá Félagi framhaldsskólakennara og einn frá Félagi stjórnenda í framhaldsskólum, auk varamanns frá Félagi framhaldsskólakennara. Vísindasjóður skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild.

Í A-deild er hægt að sækja um áskrift að Internetinu og dagblöðum, áskrift að tímaritum og vefritum, ferðakostnað vegna náms og námskeiða innanlands þar sem staðfesting á þátttöku fylgir með, hugbúnað fyrir tölvur, kaup á bókum sem tengjast endurmenntun kennara, handbækur, fagbækur, tímarit og lesefni sem gagnast kennurum í starfi, nám (annað en háskólanám), ráðstefnur, málþing og námskeið, skólagjöld vegna náms í háskólum og öðrum skólum.

Í B-deild er hægt að sækja um styrk vegna náms samhliða starfi, námsorlofs, skólaheimsóknar erlendis og vegna námskeiða og ráðstefna erlendis.

## Erlendir styrkir til símenntunar kennara

### **Norrænir starfsmenntastyrkir**

Árlega eru veittir styrkir handa Íslendingum til náms við fræðslustofnanir á Norðurlöndum. Styrkirnir eru einkum ætlaðir til framhaldsnáms eftir iðnskólapróf eða hliðstæða menntun, til undirbúnings kennslu í iðnskólum eða framhaldsnáms iðnskólakennara, svo og ýmiss konar starfsmenntunar sem ekki er unnt að afla á Íslandi.

### **Nordplus Junior**

Markmið sjóðsins er að stuðla að þróun og samvinnu leik-, grunn- og framhaldsskóla milli þátttökulandanna. Árlega eru settar fram sérstakar áherslur við styrkveitingu.

Hægt er að sækja um styrki til ferða, svo sem nemendaheimsóknir, vegna þjálfunar nema í starfsnámi og kennaraskipti, undirbúningsheimsóknir, samstarfsnet, þróunarverkefni.

### **Nordplus Horizontal**

Markmiðið er að stuðla að samvinnu á milli sviða menntageirans og styðja samstarfsnet og verkefni sem ná til fleiri en einnar undirátzlana Nordplus. Árlega eru settar fram sérstakar áherslur við styrkveitingu.

### **Norræn tungumála- og menningaráætlun Nordplus 2008-2011**

Meginmarkmið eru að styrkja málskilning og þá sérstaklega skilning á grannmálunum (dönsku, norsku og sænsku) og að auka áhuga, þekkingu og skilning á norrænni menningu, málum og lífsháttum. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir nánari upplýsingar, sjá [www.ask.hi.is](http://www.ask.hi.is) og [www.nordplus.is](http://www.nordplus.is).

Stuðningur beinist að þremur sviðum: námsferðum, s.s. nemenda- og starfsmannaskipti á grunn- og framhaldsskólastigi, verkefnum, s.s. fræðslu fyrir almenning, málæfni, námskeiðahald, orðabóka- og iðorðavinna, rannsóknir, ráðstefnur, útgáfur, þróun og útgáfa námsgagna og námsefnis og að samstarfsneti, s.s. stofnun samstarfsneta á sviði norrænna mála.

### **Menntaáætlun ESB - Comenius**

Miðar að því að koma á gæðastarfi í skólum og tryggja Evrópuvitund í menntun. Styrkt eru fjölþjóðleg samstarfsverkefni við skóla víðs vegar í Evrópu. Einnig er

lögð áhersla á að auka möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar kennara og efla tungumálanám á öllum skólastigum.

Comenius snýr að leik-, grunn- og framhaldsskólastiginu og miðar að þátttöku allra þeirra er að skólamenntun koma, þ.e. stjórnenda, kennara, nemenda, starfsmanna skóla, yfirvalda, foreldrasamtaka o.fl. Comenius skiptist í:

- Evrópskt skólasamstarf milli tveggja (tvíhliða) eða fleiri skóla
- Undirbúningsheimsóknir og tengslaráðstefnur
- Aðstoðarkennslu
- Þjálfun kennaranema
- Þróun námsefnis og námskeiða
- Comeniusarnet
- Endurmenntun kennara.

Endurmenntunarpáttur Comenius áætlunarinnar:

Styrkir eru veittir til kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi til að sækja fjölbjóðleg endurmenntunarnámskeið sem standa í einn dag eða í allt að 6 vikur. Einnig er möguleiki á að sækja um að fara og fylgjast með starfi í skóla í Evrópu. Upplýsingum um endurmenntunarnámskeið fyrir kennara og skólafólk í þáttökulöndum er að finna í námskeiðsgagnagrunni Comeniusar. Einnig er hægt að sækja námskeið að eigin vali í sínu fagi. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og Landsskrifstofa Leonardo á Íslandi veita nánari upplýsingar, sjá [www.ask.hi.is](http://www.ask.hi.is) og [www.leonardo.is](http://www.leonardo.is).

#### **Menntaáætlun ESB - Leonardo**

Markmið nýrrar Menntaáætlunar Evrópusambandsins, *The Lifelong Learning Programme*, er að stuðla að þróun öflugs þekkingarsamfélags í Evrópu. Sérstök áhersla er lögð á samstarf og samnýtingu reynslu og þekkingar um menntun og þjálfun innan Evrópu.

Þróun starfsmenntunar er mikilvægur hluti og eru helstu áherslur að koma upp sameiginlegum ramma fyrir mat á getu og starfsfærni einstaklinga, innleiða aðferðir sem tryggja gegnsæi prófskírteina og hæfnisvottorða, auka hreyfanleika vinnuafls og skapa betri tækifæri til símenntunar.

Verkefni sem Leonardo áætlunin styður þurfa að falla að einu eða fleiri eftirfarandi markmiða. Það er að styðja einstaklinga til þátttöku í sí- og endurmenntun sem miðar að því að auka kunnáttu og færni og efla persónulega hæfni þeirra, að efla gæði og styðja við nýsköpun í starfsmenntun innan fræðslu- og menntastofnana og í vinnustaðanámi og/eða að auka aðdráttarafi starfsmenntunar og starfsþjálfunar meðal atvinnurekenda og einstaklinga og greiða fyrir hreyfanleika nema í starfsþjálfun.

#### **Símenntun kennara á vegum Evrópuráðsins: Pestalozzi-verkefnið**

Menntamálastofa Evrópuráðsins býður kennurum í aðildarríkjunum fjölmörg námskeið og ráðstefnur um fagleg efni sem haldin eru í 50 löndum ráðsins. Námskeiðin spanna öll svið kennslu og skólastarfs en flest fjalla þau um samfélagsgreinar, mannréttindi og tungumál. Þátttaka er takmörkuð en í flestum tilfellum greiðir Evrópuráðið ferðastyrk og gestgjafinn uppihald. Sjá [www.coe.int/pestalozzi](http://www.coe.int/pestalozzi).

## Fjármögnun símenntunar

Ríkið greiðir til símenntunar kennara í gegnum fjárlög, ýmsa fjárlagaliði og launaliði, svo sem:

- fjárlagaliður til endurmenntunar grunnskólakennara  
Menntamálaráðuneytið hafði umsjón með styrkveitingum úr sjóði til ársins 2008 en þá fluttist verkefnið yfir til sveitarfélaganna í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 91/2008. Samband íslenskra sveitarfélaga sér um umsýslu sjóðsins
- fjárlagaliður til endurmenntunar framhaldsskólakennara  
Stór hluti þess fjármagns fer í gegnum samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara
- fjárlagaliður námsleyfi framhaldsskólakennara
- umsamin ákvæði kjarasamninga kennara um mánaðarlega framlög í vísindasjóð FF.

Sveitarfélög greiða til símenntunar kennara í gegnum ýmsa fasta liði, svo sem:

- námsleyfasjóð
- umsamin ákvæði kjarasamninga kennara um mánaðarleg framlög í vísindasjóði FL og FS og Vonarsjóð FG og SÍ.

Hér að neðan er reynt að bregða upp mynd af streymi fjármagns í símenntun kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Því miður er þetta gróf mynd þar sem erfitt er að draga fram nákvæmar upplýsingar um þá fjármagnsliði sem falla undir símenntun kennara. Þar ræður miklu hvað skilgreining hugtaksins er óljós og hvað uppruni fjármagnsins er margbreytilegur.

Upplýsingarnar eru settar fram í fimm töflum og sýna að umtalsvert fjármagn fer í þennan málaflokk sem kemur víða að og er mjög breytilegt milli ára. Sérstaklega á það við um þær greiðslur sem eru umfram framlög vegna ákvæða kjarasamninga til sjóða KÍ og lögbundin framlög, t.d. frá sveitarfélögum. Hafa skal í huga að hér vantar upplýsingar um það fjármagn sem kemur í gegnum erlenda sjóði og frá einkageiranum.

Töflurnar sýna samantekt um fjármagn til endurmenntunar kennara og stjórnenda á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Þar kemur fram að fjárveitingar í gegnum endurmenntunarsjóði KÍ árið 2008 voru samtals 464,5 milljónir og að lágmarki 447,3 milljónir hafa farið til símenntunar kennara á grunn- og framhaldsskólastigi auk framlaga frá sveitarfélögum sem voru t.d. árið 2004 nálægt 83 milljónum. Samtals árið 2008 er að lágmarki 994,8 milljónum veitt í símenntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara en að auki bætist við framlag sveitarfélaga til leikskólastigsins, styrkir gegnum erlenda sjóði og frá einkaaðilum.

Ekki eru aðgengilegar á einum stað upplýsingar um hvaða fjármagn fer til endur- og símenntunar leikskólakennara umfram það fjármagn sem úthlutað er til einstaklinga úr Vísindasjóði. Ætla má að það sé mjög misjafnt milli sveitarfélaga. Leikskólakennarar geta sótt um námsleyfi til að stunda viðurkennt framhaldsnám í sérgrein sinni samkvæmt ákvæðum kjarasamnings í allt að 9 mánuði á fullum launum eftir 12 ára starf. Ákvörðun um slík leyfi eru tekin af viðkomandi sveitarstjórn. Ekki eru heldur aðgengilegar á einum stað upplýsingar um hvaða fjármagn fer í námslaun til leikskólakennara á hverju ári. Sum sveitarfélög hafa veitt töluverðu fé í námslaun af þessu tagi. Árið 2008 fengu 97 félagsmenn styrk til framhaldsnáms en 27 árið 2009. Þessar tölur segja ekki neitt um fjölda þeirra sem eru á fullum námslaunum því hægt er að sækja um styrki í Vísindasjóð til að stunda framhaldsnám án þess að vera á námslaunum og töluverður fjöldi stundar framhaldsnám meðfram starfi.

## Fjármagn í endurmenntunarsjóðum KÍ

Um framlög í endurmenntunarsjóði er samið í kjarasamningum aðila og eru þau því hluti af kjörum hvers félagsmanns KÍ í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Meðferð fjármuna er í höndum stjórnar þriggja aðskilinna sjóða sem eru Vísindasjóður Félags leikskólakennara, Verkefna- og námsstyrkjasjóður Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands og Vísindasjóður Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum. Tölur 6, 7 og 8 sýna að fjárveitingar í gegnum endurmenntunarsjóði KÍ árið 2008 voru samtals 464,5 milljónir (91,3+267,2+106).

Tafla 6

Fjármagn til endurmenntunar leikskólakennara og stjórnenda úr Vísindasjóði Félags leikskólakennara

Leikskólastig	Árið 2008 millj.
Sveitarfélög: 1,72% af dagv. launum ráðstafað í gegnum Vísindasjóð FL	91,18 (107)*
Þar af: A-deild styrkir námskeið, ráðstefnur og kynnisferðir	74
Þar af: B-deild styrkir leikskólakennara til framhaldsnáms	13,6
Þar af: C-deild styrkir þróunar- og sérverkefni	3,58

\*Árið 2008 var kjarasamningsbundið framlag sveitarfélaga í Vísindasjóð FL alls 107 millj. en 91,18 millj. var úthlutað til félagsmanna. Hluti mismunar fór í stjórnunar- og skrifstofukostnað en afgangur lagðist við höfuðstól.

Tafla 7

Fjármagn til endurmenntunar grunnskólakennara og stjórnenda úr Vonarsjóði FG og SÍ.

Grunnskólastig	Árið 2008 millj.
Verkefna- og námsstyrkjasjóður: 1,72% af dagvinnulaunum	247,9 (317)*
Þar af: 21 námsleyfi til kennara og skólastjórnenda	105
Þar af: til rannsókna, þróunarverkefna, faglegra námskeiða og kynnisferða	65,6
Þar af: starfsmenntastyrkir	77,5

\*Árið 2008 var kjarasamningsbundið framlag sveitarfélaga í Vonarsjóð alls 317 millj. en 247,9 millj. var úthlutað til félagsmanna. Hluti mismunar fór í stjórnunar- og skrifstofukostnað en afgangur lagðist við höfuðstól. Undir liðnum fagleg námskeið var 40 millj. úthlutað vegna framhaldsmenntunar kennara.

Tafla 8

Fjármagn til endurmenntunar framhaldsskólakennara og stjórnenda úr Vísindasjóði FF og FS.

Framhaldsskólastig	2008 milljónir
Ríkissjóður greiðir mánaðarlega framlag sem nemur 1,72% af föstum dagvinnulaunum. Greiðslum er ráðstafað gegnum Vísindasjóð FF og FS	106 (109)*
Þar af: A-deild. Árlegt framlag upp í kostnað vegna endur- eða viðbótarmenntunar.	44
Þar af: B-deild. Úthlutað er samkvæmt umsóknum til sérstakra verkefna á sviði endur- og viðbótarmenntunar.	65

\*Árið 2008 var kjarasamningsbundið framlag ríkisins í Vísindasjóð FF og FS alls 106 millj. en 109 millj. var úthlutað til félagsmanna. Hluti fjármuna fór í stjórnunar- og skrifstofukostnað, afgangur lagðist við höfuðstól.

## Önnur framlög frá ríki, sveitarfélögum og rekstraraðilum

Tölur 9 og 10 gefa vísbendingar um fjárframlög frá ríki, sveitarfélögum og rekstraraðilum, önnur en þau sem renna í gegnum endurmenntunarsjóði KÍ. Upplýsingar um kostnað eru ónákvæmar þar sem skilgreining á því hvað fellur undir símenntun kennara er mismunandi.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um viðbótarframlög til leikskólastigsins en árið 2008 virðast að lágmarki 447,3 milljónir (23+228+40+156,3) hafa farið til símenntunar kennara á grunn- og framhaldsskólastigi auk framlaga frá sveitarfélögum sem voru t.d. árið 2004 nálægt 83 milljónum.

Tafla 9

Framlög frá ríki, sveitarfélögum og rekstraraðilum til grunnskólastigs

<b>Grunnskólastig</b>	2006 millj.	2007 millj.	2008 millj.
Greiðslum ráðstafað gegnum Endurmenntunarsjóð grunnskólakennara. (Áður var haldið utan um sjóðinn í mennta- og menningarmálaráðuneyti en nú hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga)	17,0	21,4	23
Sveitarfélög: Námsleyfasjóður: 1,3% af dagvinnulaunum grunnskólakennara og skólastjórnenda. Eftirfarandi upphæð fór í úthlutun.	228 millj. (2008)		
Sveitarfélög: viðbótarfjármagn til sí- og endurmenntunar í samræmi við eigin skólastefnu og endurmenntunaráætlanir	A.m.k. 64 millj. (2002), 80 millj. (2003) og 83 millj. (2004)		

Tafla 10

Framlög frá ríki, sveitarfélögum og rekstraraðilum til framhaldsskólastigs

<b>Framhaldsskólastig</b>	2006 millj.	2007 millj.	2008 millj.
Fjárlög ríkisins: Greiðslum er ráðstafað gegnum samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara	35,0	36,0	40,0
Fjárlög ríkisins: Greiðslum er ráðstafað gegnum orlofsnefnd	30 heil stöðugildi á ári. Framlög vegna launaðra orlofa framhaldsskólakennara voru á fjárlögum 2008 156,3 millj.		

## Niðurstöður

Nefndin setur meginniðurstöður sínar fram á fjórum aðgreindum sviðum sem þó skarast víða. Þau eru eftirfarandi:

- *Þarfagreining og stefnumótun*
- *Viðhorf og verklag*
- *Skipulag og framkvæmd*
- *Símenntun þvert á skólastig.*

Innan hvers þessara sviða eru fyrst sett fram skilgreind markmið sem vinna ber að, síðan er fjallað stuttlega um megináherslur, loks eru settar fram tillögur um leiðir til breytinga sem trú nefndarinnar er að feli jafnframt í sér úrbætur í þeim anda sem henni var falið að vinna eftir.

## 1. Þarfagreining og stefnumótun

### MARKMIÐ: **Markviss símenntun sem er í samræmi við þarfir skólastarfs**

Símenntun verður ætíð að haldast í hendur við þróun og nýbreytni í skólamállum. Markmið hennar er að gefa kennurum kost á að fylgjast með nýjungum og auka hæfni þeirra til að taka þátt í skólaþróun. Mikilvægt er að gera áætlanir um símenntunarframboð vel fram í tímann og jafnframt að samhæfa stefnu allra aðila þannig að sett sé fram sameiginleg heildarsýn um kennaramenntun og símenntun. Jafnframt ber að leitast við að ýta undir þátttöku kennara í starfsþróun, einkum rannsóknum og fræðastarfi undir formerkjum ævilangrar menntunar (lifelong learning).

Finna má vísbendingar um að þarfir kennara fyrir símenntun og starfsþróun séu mismunandi milli skólastiga en ástæðan gæti verið að þar ráði meira hefðir og framboð. Ennfremur má finna vísbendingar um að skortur sé á símenntunartilboðum um ákveðin viðfangsefni. Nefndin telur því mikilvægt að kortleggja þarfir starfandi kennara allra skólastiga til að framkvæmdaaðilar símenntunartilboða geti haft þær til hliðsjónar.

TALIS könnunin sýnir að áhugi grunnskólakennara hér á landi fyrir starfsþróun er minni en í öðrum þátttökuríkjum. Þetta telur nefndin vera mjög alvarlegar niðurstöður og mikilvægt að þær séu rannsakaðar nánar. Jafnframt ber að horfa til þeirra 37,4% þátttakenda á unglingsstigi og 40,6% þátttakenda á yngsta- og miðstigi sem hefðu viljað taka þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum. Vert er að benda sérstaklega á að tæpur helmingur kennara á unglingsstigi sagði enga þjálfun hafa verið í boði sem hentaði. Þessar niðurstöður gefa vísbendingu enn og aftur um að starfandi grunnskólakennurum bjóðist ekki nægilega fjölbreytt símenntun. Spurningin er hvort það sama eigi við um leik- og framhaldsskólakennara. Mikilvægt er að orsaka þessa sé leitað.

Gera þarf þarfagreiningu sem tekur bæði til kennara og skóla. Í því sambandi þarf að huga að greinabundinni þekkingu sem og faglegum viðfangsefnum aldurs- og skólastiga. Kortlagning á notkun fjármagns til símenntunar um tiltekinn tíma, t.d. síðastliðin tíu ár, væri gott innlegg í þá stefnumótunarvinnu. Gæta þarf þess að slík úttekt taki til allra þátta símenntunar.

### LEIÐIR:

- **Samráðsvettvangur stefnumótunaraðila verði settur á laggirnar, þ.e. ríkis, sveitarfélaga, háskóla og samtaka skólastjórnenda og kennara.**
- **Sameiginleg stefnumótun um símenntun verði unnin.**
- **Þörf fyrir faglega og þverfaglega símenntun verði könnuð.**
- **Skipulagsaðilar verði hvattir til að bregðast við þörfum með fjölbreyttu framboði greinabundinnar og þverfaglegrar símenntunar.**

## 2. Viðhorf og verklag

### MARKMIÐ: Sameiginlegur skilningur á símenntun kennara

Mikilvægt er að kennarar jafnt sem skólastjórnendur búi yfir sameiginlegum skilningi á því hvað felst í símenntun og starfsþróun. Sameiginlegur skilningur krefst sameiginlegrar skilgreiningar. Einnig er mikilvægt að gera símenntunarframboð sýnileg og samræma alla umsýslu.

Kennarar verða sjálfir að halda skrá vegna eigin símenntunar og starfsþróunar. Auðvelda má kennurum slíka skráningu með rafrænni ferilskrá. Það er t.d. hægt að gera á sameiginlegu vefsvæði um símenntun kennara. Hvetja þarf símenntunaraðila til þess að veita rafræn viðurkenningarskjöl sem safnast geta í persónulegar möppur kennara.

#### LEIÐIR:

- **Sameiginleg skilgreining á símenntun kennara verði mótuð af samráðsvettvangi stefnumótunaraðila og notuð af skólasamfélaginu öllu.**
- **Samræmdar aðferðir við skráningu starfsþróunar og símenntunar verði teknar upp, t.d. rafræn ferilskrá sem tekur mið af sameiginlegri skilgreiningu á símenntun.**

### MARKMIÐ: Efla samvinnu og samráð milli kennara þvert á aldurs- og skólastig

Áriðandi er að horfa til samfellu í skólastarfi. Ný lögbundin fimm ára kennaramenntun gerir ráð fyrir þeim möguleika að kennarar mennti sig í auknum mæli til starfa á fleiri en einu skólastigi. Ennfremur kveða ný lög um framhaldsskóla á um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs sem felur í sér aukna þjónustu og námsframboð fyrir þann aldurshóp.

Í mörgum tilvikum má rekja „háa þröskulda“ á milli skólastiga til mismunandi skólabrags á hverju skólastigi. Þá hafa kerfislægar hindranir komið í veg fyrir að kennarar hafi getað nýtt sér námskeiðstilboð annarra skólastiga. Til að auka samfellu milli skólastiga er því mikilvægt að kennarar og skólastjórnendur búi yfir vitneskju og skilningi á einkennum og markmiðum næstu skólastiga. Aukin samvinna þvert á aldursflokka og skólastig er lykilatriði. Dæmi um slík samvinnuverkefni eru vettvangsferðir í aðra skóla, þátttaka í samstarfi (innan/utan skóla), rannsóknarverkefni þvert á aldurs- og skólastig, leiðsögn og þjálfun. Í gegnum skólastefnu sveitarfélaga, kennarasamtaka og áherslur mennta- og menningarmálaráðuneytis er einnig hægt að vinna markvisst að öflugu samstarfi á þessum nótum, t.d. með tilstyrk Sprotasjóðs.

#### LEIÐIR:

- **Formlegt samstarf sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytis, kennarasamtaka og aðila sem sinna símenntun kennara verði sett á fót til þess að auka samráð og samvinnu þvert á aldurs- og skólastig.**
- **Skólar og kennarar á ólíkum skólastigum haldi sameiginleg námskeið, ráðstefnur og þess háttar.**

### 3. Skipulag og framkvæmd

#### MARKMIÐ: **Samræma og auka upplýsingagjöf um framboð á símenntun**

Kennarar þurfa bæði þverfaglega og fagbundna símenntun. Margir aðilar skipuleggja þessa símenntun nú þegar, s.s. háskólar, félagasamtök og einstaklingar. Til þess að auðvelda kennurum að sækja margs konar símenntun er mjög æskilegt að birta á einum stað, t.d. á vefsíðu, yfirlit yfir námstilboð hverju sinni. Þar komi fram hver námskeiðin eru, fyrir hvaða aldurs- og/eða skólastig þau eru hugsuð, hvort þau eru greinarbundin eða ekki, verð, styrkjámöguleikar og annað eftir því sem við á.

#### LEIÐIR:

- **Öll símenntunartilboð viðkomandi aðila verði sett inn á vefsvæði. Mikilvægt er að vefsvæðið sé gagnsætt og auðvelt að leita allra mögulegra símenntunartilboða.**
- **Þeir sem bjóða símenntun hafi beinan aðgang að fyrrgreindu vefsvæði og skuldbindi sig með samstarfssamningi til að kynna sín símenntunartilboð.**
- **Upplýsingar og skilgreiningar um símenntunartilboð verði samræmdar og flokkaðar, t.d. fyrirlestrar, kynningar, fræðslufundir eða námskeið. Eðlilegt er að áætlað vinnuframlag þátttakenda sé skilgreint í lýsingu.**

#### MARKMIÐ: **Samræma gæðamat**

Æskilegt er að setja fram samræmdar matsaðferðir og mælikvarða um mat á gæðum símenntunartilboða utan hins formlega skólakerfis. Samræmdar matsaðferðir vísa ekki einungis í mat þátttakenda eftir á heldur einnig þeirra sem gefa grænt ljós á að t.d. tiltekið námskeið verði auglýst á umræddu vefsvæði, staðfesta lýsingar og gefa um þau upplýsingar. Sameiginleg og samræmd upplýsingaveita mun bæði geta tekið á kröfu um samræmdar skilgreiningar á símenntunartilboðum og ýtt undir samræmdar kröfur um mat á símenntunartilboðum.

#### LEIÐ:

- **Samræmdu gæðamatskerfi á símenntunartilboðum verði komið á.**

## MARKMIÐ: **Auðvelda kennurum að sækja símenntun til háskóla**

Leggja þarf áherslu á fjölbreytta möguleika á námi með kennslustarfi ásamt góðri aðstöðu kennara til að stunda slíkt nám. Sumir einstaklingar stefna á að öðlast prófgráðu, aðrir mennta sig vegna almennrar starfsþróunar.

Íslenskir háskólar bjóða mjög fjölbreytt úrval af námskeiðum sem henta kennurum. Þar má nefna margs konar kennslufræðinámskeið, námskeið sem tengjast ákveðnum greinum og námskeið í aðferðafræði rannsókna og hagnýtingu þeirra. Háskólarnir hafa sumir hverjir byggt upp nám utan hefðbundins skólatíma, þ.e. háskólanám með vinnu, ýmist í stað- eða fjarnámi. Þá má gera ráð fyrir að kennarar geti nýtt sér mikið af námsframboði háskólanna á venjulegum starfstíma skóla, hvort heldur er til að taka eitt og eitt námskeið eða til að stefna að formlegri háskólagráðu, t.d. meistaragráðu.

Reglur háskólanna hafa í mörgum tilvikum komið í veg fyrir að starfandi kennarar hafi aðgang að námi og námskeiðum nema með formlegri inntöku. Til að mæta brýnni þörf þurfa háskólarnir að breyta reglum sínum um aðgengi að námsleiðum og einstökum námskeiðum. Slíkar breytingar kalla á samráð við fjármögnunaraðila, einkum ríkisvaldið, vegna gildandi reglna um fjárframlög til skólanna.

Háskólar hafa ýmsar leiðir til að mæta símenntunarþörf kennara og gera þeim kleift að stunda nám eftir sínum hentugleikum. Þeir geta t.d. sérsniðið nám fyrir starfandi kennara, opnað háskólana fyrir þessum kennurum og gert þeim kleift að sækja einstök námskeið eða námsleiðir. Þeir geta einnig starfrækt sérstakar stofnanir sem standa fyrir námskeiðum, fræðslufundum, þróunarverkefnum, ráðstefnum og öðru sem viðkemur símenntun kennara en telst ekki til fullgildra ECTS-eininga. Greina þarf á milli símenntunar sem gefur háskólaeiningar og þeirrar sem gerir það ekki. Skýr aðgreining getur m.a. tengst mismunandi greiðslufyrirkomulagi og verið þannig fyrst og fremst fjármálalegs eðlis.

## LEIÐIR:

- **Nefnd verði stofnuð til þess að leita leiða fyrir háskóla að bjóða starfandi kennurum að taka stök námskeið eða námsleiðir sem gefa ECTS-einingar.**
- **Háskólar endurskoði skráningarreglur sínar til að auðvelda starfandi kennurum að taka stök námskeið eða námsleiðir sem gefa ECTS-einingar.**
- **Háskólar hugi einnig að símenntunartilboðum sem ekki veita ECTS-einingar.**

#### 4. Símenntun þvert á skólastig

##### MARKMIÐ: **Auðvelda kennurum á mismunandi skólastigum að sækja sameiginlega símenntun**

Fjármögnun símenntunar er á höndum margra aðila, t.d. ríkis, sveitarfélaga, kennarasamtaka og innlendra sem erlendra sjóða. Úthlutunarreglur eru einnig mismunandi. Ólíklegt er að fjármögnun færist á eina hönd, eða að allir sjóðir til símenntunar verði sameinaðir, enda óvíst að slíkt sé æskilegt. Aftur á móti er mikilvægt að auka samvinnu milli aðila með það að markmiði að auðvelda kennurum á mismunandi skólastigum að sækja sameiginleg námskeið. Í því sambandi má nefna aukið samræmi í úthlutunarreglum en einnig að ríki, sveitarfélög og samtök kennara komi sér saman um sameiginlega og skýra upplýsingagjöf um fjármuni til símenntunar vegna leik-, grunn- og framhalds-skólakennara sem og um þann vettvang sem fer með ákvarðanir og ráðstöfun fjáris. Þar myndi sameiginlegur upplýsingavefur þjóna lykilhlutverki.

Starfshópurinn leggur áherslu á að í símenntunartilboðum komi ævinlega fram þeir þræðir sem telja má sameiginlega ólíkum skólastigum. Þeir þræðir mynda skurðpunkt símenntunar fyrir alla kennara og skólastjórnendur, óháð starfsvettvangi þeirra. Nokkur dæmi um viðfangsefni þvert á skólastig eru kennsla nemenda með sértækar námsþarfir, læsi, lífsleikni, bekkjarstjórnun, samskipti, mannréttindi, jafnrétti, skapandi skólastarf, fjölmenningarumhverfi og menntun til sjálfbærrar þróunar.

Starfshópurinn leggur einnig áherslu á að standa beri vörð um fjölbreytt framboð símenntunar á vegum ólíkra aðila.

##### LEIÐIR:

- **Sameiginlegum samráðsvettvangi um símenntun verði komið á fót (sbr. lið 1).**
- **Sameiginleg upplýsingagjöf um fjármögnunarmöguleika og aðgengi verði sett á laggirnar.**
- **Allir sem fjármagna símenntun verði hvattir til þess að endurskoða reglur sínar með fyrrgreint markmið í huga.**
- **Framkvæmdaaðilar dragi sérstaklega fram viðfangsefni sem höfða til kennara og stjórnenda þvert á skólastig.**

## Tillögur að næstu skrefum

Nefndin leggur til að næstu skref verði að:

- *Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, háskólarnir og kennarasamtökin geri með sér viljayfirlýsingu um:*
  - *Samvinnu og þróun samstarfsvettvangs sem kortleggi meðal annars þá símenntun sem nú á sér stað og leggi línur um stefnumótun hennar til framtíðar.*
  - *Samvinnu og þróun upplýsingagjafar á vefsvæði um símenntun.*
  - *Sameiginlega skilgreiningu á hugtakinu símenntun/starfsþróun.*
- *Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinni að þróun sameiginlegs vefsvæðis í samvinnu við hlutadeigandi með það í huga að auka og samræma upplýsingar um símenntunartilboð og símenntun kennara.*
- *Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinni ásamt háskólum landsins að því að auðvelda kennurum að sækja símenntun til háskóla.*
- *Þeir sem fjármagna símenntun verði hvattir til þess að endurskoða reglur sínar með það að leiðarljósi að auðvelda kennurum að sækja sameiginlega símenntun þvert á aldurs- og skólastig.*
- *Þeir sem skipuleggja símenntun verði hvattir til þess að hafa það að leiðarljósi að auðvelda kennurum að sækja sameiginlega símenntun þvert á aldurs- og skólastig.*
- *Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélög, kennarasamtök og háskólar leiti leiða til að auka samráð og samvinnu um símenntun þvert á aldurs- og skólastig.*